

Sp.

87. Tillaga til þingsályktunar

[55. mál]

um hækkun elli- og örorkulífeyris.

Flm.: Jóhanna Egilsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram endurskoðun á lögum um almannatryggingar með það fyrir augum, að elli- og örorkulífeyrir verði hækk-
aður um allt að 50 af hundraði, enda verði lífeyrir fyrir hvern einstakling jafnhár,
hvort sem um gift fólk er að ræða eða ekki.

Greinargerð.

Elli- og örorkulífeyrir er nú að meðtalinni verðlagsuppbót 705 kr. á mánuði fyrir einstakling og 1141 kr. fyrir hjón. Augljóst er, að fé þetta hrekkur ekki nema fyrir hluta af framfærslukostnaði. Enginn getur greitt húsnæði og fæði með 705 kr. á mánuði eða 1141 kr., ef um hjón er að ræða.

Elli- og örorkulífeyrir var upphaflega ráðgerður þannig í almannatrygginga-
lögum, að hann hrykki fyrir brýnustu lífsnauðsynjum. Þannig þarf hann líka að vera, ef hann á að svara tilgangi sínum. Meðan svo er ekki, verður gamla fólk að leita á náðir framfærsluveitar um það, sem á vantar, eigi það ekki sjálft næg efni eða vandamenn, sem hafa getu og vilja til þess að sjá því farborða.

Engin rök eru til þess, að hjón, sem elli- og örorkulífeyris njóta, skuli hafa lægri lífeyri en tveir einstaklingar. Er því nauðsynlegt að leiðrétta það misrétti, sem nú á sér stað í þeim efnum.

Flutningsmanni er ljóst, að til þess að Tryggingastofnun ríkisins geti staðið straum af hækkunum á elli- og örorkulífeyri, sem gert er ráð fyrir í þingsályktunartillögu þessari, þarf hún að fá auknar tekjur sem því svarar. Við endurskoðun laganna þarf að rannsaka, hve miklu það nemur, og afla Tryggingastofnuninni þeirra tekna með einhverjum hætti.

Enda þótt í tillögunni sé miðað við hækkun, sem nemur 50 af hundraði, er augljóst, að æskilegt væri, að hækkunin væri enn meiri, því að jafnvel þótt sú hækkun kæmi á lífeyrinn, mundi hann ekki nægja. Hins vegar væri þó stigið stórt spor í þá átt að gera elli- og örorkulífeyrinn að fullnægjandi tryggingu.

Hér er um að ræða réttlætiskröfur, sem Alþingi getur ekki lengur látið hjá líða að taka afstöðu til.